

## Nýr stjórnarformaður Mjólkursamsölnnar



Elin M. Stefánsdóttir bóndi í Fellshlíð hefur tekið við stjórnarformennsku hjá Mjólkursamsölnni og verður jafnframt fyrsta konan til þess að gegna hlutverki stjórnarformanns hjá fyrirtækinu. Elin og eiginmaður hennar Ævar Hreinsson búa að Fellshlíð í Eyjafjarðarsveit og hafa verið bændur þar síðan 2002. Þau eiga 4 börn. Elin hefur setið í stjórn Auðhumlu og Mjólkursamsölnnar sl. 6 ár.

Breytingar urðu nýlega á fulltrúum Auðhumlu í stjórn Mjólkursamsölnnar í kjölfar aðalfundar Auðhumlu, sem er aðaleigandi MS og hefur stjórn MS skipt með sér verkum. Ágúst Guðjónsson, Læk og Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti eru nýir aðalmenn í stjórn, en

Þórunn var áður varamaður. Þau komu í stað Jóhannesar Torfasonar, Torfalæk og Jóhönnu Hreinsdóttur, Káraneskoti sem tók sæti í varastjórn. Þá var Björgvin R. Gunnarsson, Núpi 1 kosinn varamaður í stjórn í stað Sæmundar Jóns Jónssonar, Árbæ.

Egill Sigurðsson, Berustöðum sem verið hefur stjórnarformaður frá árinu 2008, mun sitja áfram í stjórn fyrirtækisins, auk þess að sitja í stjórn nýs dótturfélags MS um erlenda starfsemi. Egill er jafnframt formaður stjórnar Auðhumlu. Auk Elínar, Ágústs, Egils og Þórunnar, situr Þórólfur Gíslason í stjórn MS sem fulltrúi Kaupfélags Skagfirðinga og er hann varaformaður. Varamenn í stjórn Mjólkursamsölnnar eftir breytinguna eru Ásvaldur Þormóðsson, Stóru-Tjörnum, Björgvin R. Gunnarsson, Núpi 1, Jóhanna Hreinsdóttir, Káraneskoti, Laufey Bjarnadóttir, Stakkhamri og Sigurjón Rúnar Rafnsson, aðstoðarkaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga.

## Rekstur MS er hornsteinn kúabúskapar á Íslandi

„Við getum ekki leyst vandamálin okkar með sömu hugsun og þegar við sköpuðum þau“. Mér finnst við hæfi að byrja fyrsta leiðarann sem ég rita í Mjólkurpóstinn á þessum orðum Alberts Einsteins sem vitnað var í ráðstefnunni „Ábyrg matvælaframleiðsla - Ísland og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna“. Mér finnst orð Einsteins passa ótrúlega vel í dag þar sem miklar hræringar eru í gangi í framleiðslu landbúnaðar afurða og neyslumynstur fólks er að breytast. Á fyrrnefndri ráðstefnu kom m.a. fram að landbúnaðurinn mætti auka metnað sinn í að ná markmiðum til að uppfylla skilyrði Parísarsamkomulagsins í loftlagsmálum. Losun frá landbúnaði hefur minnkað um aðeins um 4% frá 1990 til 2014 meðan sjávarútvegurinn náði að tæplega helminga sína kolefnislosun eða um 43%.

Það er mikilvægt að hver og einn lífi í eigin barm og íhugi „Hvað get ÉG gert“ því margt smátt gerir eitt stórt t.d. eins og breytt fóðrun eða betri nýting á mykju. Einnig er mikilvægt að fyrirtækið okkar Mjólkursamsalan hafi í huga umhverfismál í starfsemi sinni og því er ánægjulegt að á dögum skrifaði fyrirtækið undir þjónustusamning við Klappir um mælingar á umhverfisálagi þess sem er mikilvægt skref í umhverfismálum og í samræmi við stefnumörkun fyrirtækisins í þeim efnum. Bættist þar við þau skref sem fyrirtækið hefur nú þegar tekið eins og nýjar mjólkurfurnur sem eru með 66% minna kolefnisspor, minni olíunotkun á hvern sóttan mjólkurlíttra og samstarf við Kaupfélag Skagfirðinga um opnun Heilsupróteins. Það er fullvíst að umhverfis- og loftlagsmál munu skipta æ meira máli á komandi árum og fyrirtæki í meiri mæli gera grein fyrir áhrifum sínum á samfélögin sem þau starfa í. Við erum og verðum að leysa vandamál með nýrri hugsun.

Þessi aukna umhverfislega og samfélagslega ábyrgð í rekstri tengist beint inn í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem hefur verið samþykkt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Við bændur þekkjum vel samfélagslega þátttöku og höfum lengi starfað í samvinnu við íslenskt samfélag en ef við hugsum aðeins um orðin sem koma þar fyrir, markmið um sjálfbæra þróun, hvað er þá átt við? „Eiga bara allir að rækta matinn sinn sjálfir?“ gætu einhverjir hugsað. Það er svo sem ósköp falleg hugsun, en óraunhæf í nútíma samfélagi. Tel ég að í þessum orðum og í einstökum markmiðum felist að hver þjóð eigi að leitast við að vera sjálfum sér næg um matvæli eins og mögulegt er og sækja þau sem mest í nærumhverfi sitt. Ábyrgð okkar bændur er því að sjá til þess að alltaf sé til nægt framboð af þeim fjölbreyttu matvæl-

um sem við höfum möguleika á að framleiða hér án þess að ganga á auðlindir landsins. Okkar mikilvægasti markaður er innanlandsmarkaðurinn og við eigum að sinna honum vel í sátt við land og þjóð.

Í því samhengi getum við líka spurt okkur hvort við viljum framleiða meira en þarf? Samræmist það sautján heimsmarkmiðunum? Þá á ég við að við séum að flytja inn olíu, áburð, plast, kjarnfóður o.fl til að framleiða matvæli til að flytja úr landi? Hvað er kolefnisfótspor á þeirri framleiðslu sem nýtist ef til vill ekki? Þá er ég ekki að tala um að við hættum erlendri starfsemi en við verðum að gæta þess á hverjum tíma að sú framleiðsla skili ávinningi til baka, fjárhagslegum ávinningi fyrir okkur án mikils kostnaðar fyrir umhverfið. Þannig getur sala á hugviti líka verið ábatasöm fyrir okkur líkt og þeir samningar sem MS gerir á mörkuðum fjarri Íslandi eins og t.d. í Japan.

Ég hef mikla ástríðu fyrir því að landbúnaður á Íslandi dafni sem best og rekstur Mjólkursamsölnnar og framleiðsla mjólkurvara er grunnstoð kúabúskapar á Íslandi. Framundan eru margar áskoranir fyrir mjólkuriðnaðinn; í kringum endurskoðun á búvörusamningum, tollasamningi við Evrópusambandið, aukinn innflutning og fleiri þættir, sem geta haft veruleg áhrif á fyrirtækið sem er í eigu okkar kúabænda. Við þurfum að takast á við það samhent og snúa bókum saman til að framtíð Mjólkursamsölnnar verði björt.

Á fyrstu dögum mínum sem stjórnarformaður fengum við niðurstöðu dómarans í Héraðsdómi Reykjavíkur í „samkeppnismálinu“ þar sem okkur var dæmt í óhag og ógiltur úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Ég trúi því að fall sé fararheill og við fáum réttmæta meðferð fyrir Landsrétti, því það er öllum ljóst sem vilja vita að fyrirtækið hefur starfað í samræmi við skýr ákvæði búvörulaga eins og fram kemur í yfirlýsingu frá MS eftir dóminn. MS mun því áfrýja niðurstöðunni sem fer þvert gegn úrskurði fjölskipaðs stjórnvalds.

Ég vona að samstarf mitt við aðra stjórnarmenn, starfsfólk og bændur verði gott og vil að við eigum sem mest samtal um það sem skiptir okkur öllu máli, að Mjólkursamsalan starfi áfram í núverandi mynd og okkur í landbúnaðinum beri gæfu til að standa saman.

Góðar stundir.


Elin M. Stefánsdóttir  
stjórnarformaður Mjólkursamsölnnar

# Framleiðsla mjólkur 2018

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Staða mjólkurframleiðslunnar, nú um miðjan júní 2018, er sú að framleiðsla er í sögulegu hámarki. Sl. mánuði hefur aldrei verið framleidd eins mikil mjólk og nú. Í yfirliti 1 má sjá þróun innvigtunar á vikugrunni frá byrjun árs 2016 t.o.m viku nr. 22 - 2018. Hámark framleiðslunnar þetta árið var í viku 17 – en þá nam innvigtun 3.270 þús lítrum, sem er nýtt met í sögu mjólkurframleiðslu á Íslandi. Í yfirliti 2 má jafnframt sjá innvigtun 2016 – maí 2018 á mánaðargrunni.

Í yfirliti 2 kemur fram hver innvigtun var á mánaðargrunni 2017 og það sem af er 2018. Innvigtun ársins 2017 nam 151,1 millj. lítrum, en ef innvigtun það sem eftir lifir árs 2018, þ.e. júní til desember, verður söm og á síðasta ári mun mjólkurframleiðslan verða um 154,5 millj. lítra. Það byggir á þeirri forsendu að nokkuð dragi úr krafti framleiðslunnar komandi mánuði frá því sem nú er.



Innvigtun mánaða 2017 og 2018

Mán	2018(17)	2017
Jan	13.235.681	12.445.505
Feb	12.366.313	11.712.458
Mar	13.899.533	13.351.630
Apr	13.750.690	12.484.747
Maí	14.478.073	14.349.703
Jún	13.375.239	13.375.239
Júl	12.887.408	12.887.408
Ág	12.584.795	12.584.795
Sep	11.665.409	11.665.409
Okt	11.821.509	11.821.509
Nóv	11.708.456	11.708.456
Des	12.729.966	12.729.966
	154.503.072	151.116.825





Yfirlit 2. Mánaðarleg innvigtun mjólkur 2017 og 2018.

## Sala mjólkur og útflutningur


Í yfirliti 3 má sjá innvigtun og umreiknaða ráðstöfun mjólkur í apríl 2018 og einnig ráðstöfun á 12 mánaða grunni – þ.e. maí 2017 – apríl 2018. Sölu- og ráðstöfunartölur fyrir maímánuð liggja ekki fyrir. Á þessu tímabili nam umreiknuð sala mjólkur um

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr. og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	apríl mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
<b>Umreiknað á PRÓTEIN:</b>						
Birgðir í upphafi	28.862.356	30.723.310	33.191.719	-8,41	6,72	-2,29
Innvegin mjólk	13.750.690	40.016.536	154.374.702	10,14	6,57	4,29
Seldar afurðir	10.184.849	31.598.104	131.522.448	-0,72	-1,99	-0,78
Útflutningur	1.845.634	8.525.639	24.498.960	289,03	459,43	56,29
Birgðir í lok	30.339.239	30.339.239	30.339.239	-8,59	-8,59	-8,59
Mismunur	243.324	276.864	1.205.774	228,91	-144,99	111,74
<b>Umreiknað á FITU:</b>						
Birgðir í upphafi	26.576.062	24.684.371	24.206.705	14,45	10,71	-14,97
Innvegin mjólk	13.750.690	40.016.536	154.374.702	10,14	6,57	4,29
Seldar afurðir	11.914.652	36.027.489	146.622.305	6,90	3,32	2,28
Útflutningur	26.371	114.955	3.329.523	109,98	-61,99	-58,99
Birgðir í lok	27.979.357	27.979.357	27.979.357	15,59	15,59	15,59
Mismunur	406.372	579.106	650.223	19,32	24,58	-20,38

Yfirlit 3. Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. apríl 2018.



Yfirlit 4. Birgðapróun helstu vörflokka janúar 2016 – maí 2018.



Yfirlit 1. Vikuleg innvigtun mjólkur 2016, 2017 og 2018.

131,5 milljónum lítra á próteingrunni og hefur því dregist saman um -0,78% s.l. 12 mánuði. Umreiknuð sala á fitugrunni var 146,6 milljónir lítra. og jókst um 2,28% á sama tíma. Innvigtun mjólkur á þessu viðmiðunartímabili nam 154,4 milljónum lítrum. Framleiðsla umfram sölu á tímabilinu var því um 22,9 milljónir lítra á próteingrunni og um 7,8 milljónir lítra á fitugrunni. Útflutningur á mjólk m.v. prótein nam 24,5 millj. ltr, en útflutningur á fitugrunni nam um 3,3 millj. lítrum.

## Birgðir mjólkurvara

Í yfirliti 4 er birgðapróun helstu flokka mjólkurvara frá janúar 2016 – maí 2018. Fram kemur hvernig birgðir mjólkurvara hafa verið að þróast frá upphafi árs 2016 til loka maímánaðar 2018. Af smjörbirgðum má sjá að þær hafa lækkað nokkuð milli apríl og maí sl., en um 150 tonn voru flutt út í maí til að uppfylla virka útflutningskyldu skv. lögum. Birgðir smjörs eru þó um 530 tonn eftir sem áður, og eru það góðar birgðir. Birgðastaða mjólkurvara er góð, en þó eru birgðir osta í hærra lagi og er verið að vinna í ráðstöfunum á því sviði. Að teknu tilliti til framleiðslu mjólkur og sölu próteins á innalandsmarkaði er stöðug og aukin útflutningþörf á próteini.

Pálmi Vilhjálmsson,  
framkvæmdastjóri framleiðslusviðs

# Starfsmenn Forseta smökkuðu íslenska osta

FRÉTTIR

Starfsfólk á Skrifstofu Forseta Íslands fékk kynningu á íslenskum ostum á dögunum. Bjarki Long frá MS Reykjavík fór yfir helstu osta sem Mjólkursamsalan og Kaupfélag Skagfirðinga framleiða og hvernig þeir parast best með meðlæti og drykkjum. Mesta lukku vakti nýr hringlaga Tindur, 12+ mánaða gamall sem borinn var fram með hunangi og kaffi, en einnig stóri íslenski gráðaosturinn paraður með súkkulaði.

Pakkaði skrifstofan fyrir frábært samstarf við MS í heimsóknum forsetans erlendis þar sem m.a. íslenskir ostar frá MS hafa yfirleitt verið með í för. Hafa þeir jafnan vakið eftirtekt og umræðu meðal erlendra gesta fyrir það hversu bragðgóðir þeir eru. Meðfylgjandi myndir eru frá Bessastöðum þar sem Bjarki var búinn að undirbúa veislu í smakki.



## Nýr ostur – Kringlóttur Tindur 12+

FRÉTTIR

Unnið er að því þessa dagana að setja á markað nýjan ost, Tindur 12+. Er hann afturhvarf til fyrri tíma að vissu leyti þar sem osturinn er hringlaga og utan um hann er sett svört osta, „málning“ sem svipar til vax. Hætt var að setja vax utan um osta á Íslandi árið 2007 en margir muna eflaust eftir rauða vaxinu sem var á hliðunum á brauðostinum hér áður fyrr. Þessi osta, „málning“ er notuð eins og vax, það er til þess að verja ostinn og hjálpa honum að ná réttu rakastigi. Tindur 12+ er geymdur í 12 mánuði í ostageymslum Kaupfélags Skagfirðinga þar sem hann fær að þroskast.

Tindur 12+ svipar til osta sem framleiddir eru erlendis eins og t.d. Prima donna þar sem osturinn er húðaður og niðurbrotið próteinið fær tíma til þess að mynda kristala. Kristalarnir minna einna helst á saltflögur þegar osturinn er borðaður.

Osturinn verður í boði fyrir fyrirtæki og verslanir með ostaborð. Einnig verður hann unninn í minni „lauf“ um 200 gr. fyrir neytendur en osturinn fer í almenna sölu í haust.



**Official Nutrition Partner**  
of the Icelandic World Cup 2018 Football Team

## Ísey skyr og HM í knattspyrnu

Nýlega var skrifað undir samning við KSÍ vegna markaðssetningar á Ísey skyri í tengslum við HM í knattspyrnu. Samningurinn gerir Ísey skyri á erlendum mörkuðum kleift að tengja sig við íslenska landsliðið í knattspyrnu. Búast má við því að samstarfið veiki enn meiri áhuga á Ísey skyri enda vekur íslenska landsliðið hvarvetna athygli.



## Mælingar á umhverfisálagi MS

FRÉTTIR

Skrifað hefur verið undir þjónustusamning við Klappir um mælingar á umhverfisálagi MS. Markmið MS er að ná árangri í umhverfismálum og málum tengdum sjálfbærni.

Klappir mun aðstoða MS við að draga saman upplýsingar um umhverfisálag og kolefnissuppgjör og veita MS ráðgjöf með það að markmiði að lágmarka kolefnisspor fyrirtækisins.

Aðferðafræði og hugbúnaður Klappa gerir fyrirtækjum, sveitarfélögum og stjórnvöldum fært að setja sér mælanleg markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og upplýsa um árangur á hagkvæman og gagnsæjan hátt.

Um 150 fyrirtæki eru að nýta sér þjónustu Klappa til þess að fylgjast með umhverfisáhrifum sínum. Klappir vinna samkvæmt alþjóðlegri aðferðafræði sem kallast „Greenhouse Gas Protocol“ sem auðveldar samanburð á alþjóðlegum mörkuðum.



Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Klappa, Einar Einarsson, rekstrarstjóri MS, Gústaf Helgi Hjálmarsson, gæða-, umhverfis- og öryggisstjóri MS, og Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustu og ráðgjafar hjá Klöppum.

## YUM úttekt

FRÉTTIR

Í maí fór fram YUM úttekt í vöruhúsi MS á Bitruhálsi. YUM er vörumerki í eigu KFC, Taco Bell og Pizza Hut og endurspeglar YUM staðallinn kröfur sem þessir aðilar gera til framleiðanda og dreifingaraðila á hráefni til skyndibitastaðanna. Þetta var í annað sinn sem MS fer í gegnum úttekt. Staðallinn gerir miklar kröfur til atriða er varða matvælaöryggi og rekjanleika. Þegar kemur að matvælaöryggi er farið yfir atriði í umhverfinu þar með talið ástand, viðhald og umhirða á flutningstækjum og vöruhúsinu sjálfu. Hreinlæti og gott skipulag spilar stóran sess sem og þjálfun og fagmennska starfsmanna og stjórnenda. MS skoraði hátt og kom vel út í úttektinni 2017 og náði að viðhalda góðum árangri og bæta í núverandi úttekt. MS er stolt af þessum árangri sem er ekki sjálfgefinn en endurspeglar góða starfshætti fyrirtækisins.

## Nýir skyrtankar

FRÉTTIR

Tveir 30.000 lítra tankar voru hífðir inn um gat á þaki mjólkurbúsins á Selfossi á dögunum. Tankarnir eru stærstu innanhústankar MS til þessa og eru þeir ætlaðir til framleiðslu á Ísey skyri. Nýju tankarnir munu leysa af sex eldri og minni tanka.

MS Selfossi er stærsta einstaka afurðastöðin innan MS en þar eru framleiddar á milli 300 og 350 þúsund dósir af Ísey skyri á viku fyrir markaði í Finnlandi, Sviss og Bretlandi auk Íslands.



## Slysavarnafélagið Landsbjörg sér um fyrstu hjálpar búnað fyrir MS

FRÉTTIR

Slysavarnafélagið Landsbjörg og Mjólkursamsalan hafa gert með sér samning varðandi ráðgjöf og útvegum fyrstu hjálpar búnaðar í öll ökutæki og á starfstöðvar MS. Verkefnastjóri sjúkrakassapjónustu Landsbjargar (LS) mun verða ráðgefandi aðili og mun heimsækja starfstöðvar MS ásamt því að skoða búnað ökutækjanna. Tilgangur heimsóknanna er að hitta öryggisnefndir viðkomandi starfstöðva og í samvinnu við þær ganga um húsnæðið með tilliti til búnaðar. Allur búnaður sem settur er upp í afurðarstöðvum MS þarf að uppfylla kröfur um slíkan búnað fyrir matvælavinnslu t.d. plástrar sem sjást við málmleit en einnig er mikilvægt að réttur búnaður sé vel staðsettur og sýnilegur svo engar tafir verði ef mikið liggur við og tíminn skiptir máli. Með samstarfi við Landsbjörg er MS að fá búnað sem uppfyllir fyllstu kröfur um gæði og samsetningu ásamt faglegri ráðgjöf.

Meðfylgjandi mynd var tekin við undirritun samningsins. Á henni má sjá Jón Svanberg Hjartarson, framkvæmdastjóra Landsbjargar, Dagbjört H. Kristinsdóttur, verkefnastjóra sjúkrakassapjónustunnar ásamt Svanfríði Önnu Lárusdóttur, stjórnarkonu Landsbjargar og Gústaf Helga Hjálmarsson, Gæða-, umhverfis- og öryggisstjóra Mjólkursamsólunnar.

